



## Fundir og kvæðalagaæfingar 2013

Allir fundir og æfingar félagsins fara fram í Gerðubergi í Breiðholti og hefjast klukkan 20:00 nema Heiðmerkurgleðin sem fer að sjálfsgöðu fram við Grunnvötn í Heiðmörk. Félagsmenn í Iðunni eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og á æfingarnar líka.

- 9. janúar, miðvikudagur kvæðalagaæfing (niðri)
- 11. janúar, föstudagur, félagsfundur (uppi)
- 6. febrúar, miðvikudagur, kvæðalagaæfing
- 8. febrúar, föstudagur, félagsfundur
- 6. mars, miðvikudagur, kvæðalagaæfing
- 8. mars, föstudagur, aðalfundur
- 3. apríl, miðvikudagur, kvæðalagaæfing
- 5. apríl, föstudagur, félagsfundur
- 8. maí, miðvikudagur, kvæðalagaæfing
- 10. maí, föstudagur, vorfundur
- 15. júní, föstudagur, Heiðmerkurgleði



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

116. tölublað – 33. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2012

Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinnsson

## Jólin 2012

Þegar ég var í uppöslu austur í Hrafnkelsdal voru jólin einn stærsti viðburður ársins. Þegar ég lít til baka er mér þó ekki alveg ljóst hvað það var sem gaf þeim þetta vægi. Við fengum góðan mat, steiktar rjúpur eða hangikjöt eða hvað það nú var, en það var ekkert sérstakt við það. Við fengum svo oft góðan mat. Ekki þurfti annað en afmæli einhvers okkar systkinanna eða gestakomu til að slegið væri upp veislu. Á jölunum fengum við líka gjafir vafðar inn í skrautpappír en þær voru venjulega vettlingar eða falleg húfa sem húsmóðirin þrjónaði eða góð bók, gjarnan ljóðmæli. Það var heldur ekkert sérstakt. Þegar farið var í kaupstað fengum við gjarnan einhverjar gjafir og þá ekki síður á afmælunum sem áður voru nefnd.

Samt voru jólin stórhátíð. Þar mun líklega einkum hafa legið að baki einhvers konar helgi sem átti rót í djúpstæðri trúarupplifun uppalendanna og orkaði á yngri kynslóðina eins og dularfull skilaboð eða fyrirmæli frá einhverjum óskilgreindum æðri sviðum. Við sögðum sem fæst, höguðum okkur eins vel og við gátum og höfðum hljótt um okkur uns aftur tók að rofa til á annan jóladag. Þá var á ný hægt að klæðast í vinnugallann, bölvu og fara með óprentæfar vísur.

Síðan er liðin meira en hálf öld og veröldin hefur breyst á ævintýralegan hátt ýmist til hins betra eða verra. Sumt er miklu ákjósanlegra í dag en það var þegar ég var barn, annað hefur farið alvarlega úrskaiðis. En jólin eru þarna og þau birtast okkur eins og við sjálf höfum skapað þau, góð eða slæm eftir hugarfari hvers og eins. Í aðdraganda jólnanna ber reyndar langmest á öllu

Þessu fólki sem er að græða peninga. Það þrengir sér inn á hvert einasta heimili og selur og selur og hefur uppi stórfenglegar tiltektir til að fá okkur til að borga fyrir eitthvað. En svo þegar líður á aðfangadaginn, hvað gerist þá nema allir þessir kaupahéðnar draga sig í hlé og hverfa af vettvangi eins og eftir skilaboð eða fyrirmæli frá einhverjum óskilgreindum æðri sviðum og yfir svæðið líður óútskýranleg kyrrð sem á ekkert skylt við peninga.

Undanfarin jól hef ég gjarnan staðið við stofugluggann í húsi mínu í Grafarvoginum og horft yfir borgina. Og svei mér ef ég finn ekki fyrir einhverju sem ég þekki frá fornu fari. Þrátt fyrir allt sem hefur gengið á í veröldinni og ekki síður í mínu eigin lífi þá er það þarna. Ég hef ennþá ekki hugmynd um hvað það er sem ég er að lýsa og reyni ekki að skýra það eða skilgreina nánar en hitt er víst að ég mun bíða fram á annan í jólum með að ákalla verri staðinn eða kveða Unndórs rímu. Ég veit ekki af hverju. Þetta er bara svona.

Með bestu óskum um gleðileg jól til ykkar allra.  
Ragnar Ingi Aðalsteinsson

## Kvæðamál

### Jól

Orðið er heilagt og hann lýkur við að gefa. Hengir lampann á stoð í miðju húsi, tyllir sér á garðabandið og borðar bitann sinn. Seilist í vasann og nær í bókina. Dálitla stund fletta sverir fingur þunnum blöðum og þegar þeir staðnæmast tekur hann ofan og byrjar að lesa, hægt og hátíðlega „En það bar til um þessar mundir“ og það er friður með fénu.

*Sigrún Haraldsdóttir 2012*

Óðfluga jóla- nálgast -nátt,  
nú skal glaðst og etið.  
Skorti þig hvorki móð né mátt  
að melta hangiketíð.

*Sigrún Haraldsdóttir 2012*

Á hátíð ljóss er hækkar sól  
hygg ég allir finni  
að okkar verða æskujól  
ofarlega í minni.

*Ormur Ólafsson (1980)*

### JÓLAANDI

Einlæg kjósum elsku bjarta  
öðrum hrósið gefum því  
gleðirós frá hlýju hjarta  
hugarljósið klæðist í.

Blöð af greinum góðra meiða  
græði meinin stór og smá,  
kærleiks einu blómin breiða  
brosin hreinu lyndi frá.

Jólagleði náðin nærir  
næmum meður æðri sans.  
Jesús geði fögnuð færir  
fegurð seður hjarta manns.

*Sigmundur Benediktsson*

Gleðilega og góða tíð  
gefi oss á jólunum  
hann sem ávallt ár og síð  
endaveltir pólunum.

*Sigurður Sigurðarson*

Heilög jólin halda ber  
á hamingjunnar sviði.  
Árs og friðar óska þér  
og öllu þínu liði

*Helgi Zimsen des 2010*

Ungur verð ég enn á ný  
allir skuggar dvína  
þegar jólahelgin hlý  
hrífur sálu mína.

*Grímur Lárusson (1982)*

Andans gróður yljar mér,  
örar blóðið streymir.  
Auðug ljóðalistin er  
ljúfan hróður geymir.

*Ingólfur Ómar Arnason*

### Hætta

Hafi flætt er fátt eitt bætt.  
Fötin tætt og lúin.  
Ekki er stætt. Ef að er gætt  
er þér hætta búin.

*Þorvaldur Þorvaldsson*